

Deka hrað

Hraðharðnandi múrblanda

Deka hrað er alhliða hraðharðnandi tilbúinn múrblanda sem rýrnar ekki. Það þarf einungis að blanda köldu vatni saman við efnið og þá er það tilbúið til notkunar. Deka hrað hentar í alhliða múrviðgerðir úti sem inni, s.s. tröppur, veggj, gólf o.s.fr.

Eiginleikar

Deka hrað er slitsterkt, sementsbundið steypu og múrviðgerðarefni, með mjög góða viðloðun. Frostþolið og vatnsþétt þegar fullri hörku er náð. Framleitt úr Portlandsementi, ofnþurkuðum kvartssandi ásamt íblöndunnarefnum til að auka hröðun, viðloðun og vinnslueiginleika.

Þykktarsvið

Á sterkt undirlag, svo sem steinsteypa fleti 5-25mm

Eiginleikar

Þrýstipól:	44 Mpa(eftir 28 daga)
Beygjutogþol:	6,8 Mpa (eftir 28 daga)
Efnislýsing:	Portlandsement Plastdispersion
Kornastærð:	Ofnþurrkaður náttúrsandur
Vinnsluhitastig:	5°- 25°C
Notkunnartími:	7 mín
Hörðun.	Byrjar eftir 10 mín
Göngufært:	16 mín
Full hörðun	28 dagar
Blöndun 5kg	0,6-0,7L
Blöndun 25kg	3-3,3L

Undirvinna

Viðgerðarflöturinn skal vera hreinn og laus við lausan múr, sementslamma, raka, fitu og önnur óhreinindi sem komið geta í veg fyrir góða viðloðun. Gott er að skera með slípirokk til að mynda afmarkaða skarpa brún. Ef skemmdin nær inn í járn skal fjarlægja alla lausa steypu frá járninu og hreinsa járníð með vírbursta eða slípirokk. Berið síðan á járníð Betokem BETOHEFT, sem er sementsbundið ryðvarnarefni

Grunnur

Bleyta þarf undirlagið fyrir lögn. Mjög rakadrægt undirlag þarf að bleyta vel daginn áður. Í mjög erfiðum aðstæðum er gott að kústa með blöndu af Deka hrað og Deka akryl.



Blöndun og lögn

Hrærið Deka hrað út í kalt vatn. Hellið efninu út í vatnið og hrærið með hægengri borvél. Látið standa í 1-2 mín og hrærið síðan aftur. Bleytið eða kústið viðgerðarflötin, og kastið/leggið múrblönduna í blautt undirlag. Ef viðgerðin er þykkari en 25mm þarf að fara fleiri umferðir. Ýfið yfirborðið og leggið næstu umferð eftir ca 15-20 mín. Ef lengra liður á milli og yfirborðið þornar alveg, þá þarf að grunna aftur. Hitastig verður að vera minnst 5°C í 12 klst eftir notkun. Verjið flötinn fyrir of hraðri þornun. Ef hitastig er lágt 5-10°C þá getur verið gott að breiða yfir flötinn til að flýta fyrir þurkinum

Efnisnotkun

5 mm þykkt	10 kg/m ²
10 mm þykkt	20 kg/m ²

Geymslupól

12 mánuðir í þurri frostlausri geymslu.

Aðgæsla

Með raka eða vatni virkar efnið eins og önnur múrefni, ertandi, á húð, slímhimnu í augum og öndunarvegi. Það er því ráðlagt að nota hlífðarbúnað svo sem rykgrímur, öryggisglæraugu og hanska.

Annað

Þar sem aðstæður og vinnubrögð geta verið mismunandi, skal líta á þessar upplýsingar sem leiðbeinandi. Leitið alltaf ráða hjá sölumönnum ef ykkur finnst ástæða til. Ekki má blanda öðrum efnum saman við Deka hrað, þar sem það breytir eiginleikum efnisins og kemur niður á gæðum þess.

MÚRBÚÐIN